

Fundargerð aðalfundar Rauða kross Íslands haldinn á Grand Hótel Reykjavík laugardaginn 19. maí 2012

Anna Stefánsdóttir formaður Rauða kross Íslands setti aðalfund, bauð fundarmenn velkomna og sagðist vonast eftir árangursríkum fundi. Að því loknu bað hún fundarmenn að rísa úr sætum og minnst látinna félaga.

Anna lét þess getið að Rauði kross Íslands væri hlekkur 187 félaga sem starfa eftir sameiginlegum grundvallarhugsjónum og ætti því láni að fagna að njóta trausts. Styrkur félagsins hefði komið berlega í ljós kvöldið fyrir aðalfund þegar hættuástandi var líst yfir á Keflavíkurlflugvelli og sjálfboðaliðar komu farþegum til aðstoðar. Sjálfboðaliðar Rauða krossins væru alltaf tilbúnir þegar eitthvað bjátaði á. Anna greindi frá því að versnandi fjárhagsstaða félagsins væri staðreynd og ekkert benti til þess í náinni framtíð að breyting yrði á því. Félagsmenn yrðu að spyrja sig hvort félagið væri að verja fjármunum rétt. Nauðsynlegt væri að forgangsraða, endurmeta og meta árangur verkefna. Aðeins þannig geti Rauði kross Íslands þjónað þeim sem væru berskjaldaðir á Íslandi. Formaður minnti á nauðsyn þess að félagið setti sér ný lög í framhaldi af nýrri stefnu og tiltók að fyrir fundinum lægi tillaga að nýjum lögum. Áherslan væri á eitt félag Rauða krossins á Íslandi og markmiðið væri að gera félagið markvissara og lýðræðislegra. Anna sagðist bera þá von í brjósti að fundinum tækist að samþykkja þessi nýju lög. Að því loknu lýsti formaður aðalfund árið 2012 settan.

Tvö myndbönd voru sýnd: Tónlistarmyndband Reykjavíkurdéildar við lag Bubba Morthens og nýleg teiknimynd um starf sjálfboðaliða Rauða kross Íslands.

Viðurkenningar til sjálfboðaliða og verkefna

Eftirfarandi sjálfboðaliðar fengu viðurkenningar fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins:

- Helga Halldórsdóttir ritari Víkurdeildar. Hún starfaði ötullega að viðbrögðum vegna eldgosa í Grímsvötnum og flóðs í Múlakvísl.
- Brynja Tomer sjálfboðaliði í Kópavogsdeild. Brynja er frumkvöðull að hundavinum Rauða krossins.

Eftirfarandi verkefni hlutu viðurkenningar:

- Hlutverkaleikurinn Á flótta á vegum Reykjavíkurdéildar. Verkefnið hlaut Evrópustyrk í fyrra og haldið var námskeið fyrir fulltrúa nokkurra landsfélaga í Evrópu. Arnar Benjamín Kristjánsson og Jón Þorsteinn Sigurðsson veittu viðurkenningunni viðtöku.
- Sönghópurinn Friðarliljurnar hjá Grindavíkurdéild sem starfað hefur síðan árið 2003. Sjálfboðaliðarnir fara einu sinni í mánuði og syngja fyrir heimilisfólk á öldrunarstofnun. Eftirfarandi tóku við viðurkenningunni: Birna Zophaníasdóttir, Anna Skaftadóttir, Margrét Sigurðardóttir, Sæbjörg M. Vilmundardóttir, Jónína G. Einarsdóttir, Rún Pétursdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir og Ágústa Gísladóttir.

Að loknum veittum viðurkenningum fór Brynja Tomer í pontu og þakkaði heiðurinn fyrir sína hönd og þeirra tuga sjálfboðaliða sem taka þátt í verkefninu hundavinir Rauða krossins.

Birna Zophaníasdóttir þakkaði jafnframt veitta viðurkenningu og kynnti tvö lög sem Friðarliljurnar sungu að því loknu.

Aðalfundarstörf skv.6. gr. laga Rauða kross Íslands

Kjörbréf: Stjórnin athugar kjörbréf fulltrúa deilda og leggur fram til úrskurðar fundarins.

Mættir voru 99 aðalfundarfulltrúar frá 43 deildum. Lagt var til að ekki þyrfti að lesa upp nöfn allra fundarmanna og var það samþykkt með lófataki. Kjörbréf voru síðan borin upp og samþykkt.

Fundarstjóri kosinn. Árni Múli Jónasson lögfræðingur og bæjarstjóri á Akranesi.

Fundarritarar kosnir. Ingibjörg Eggertsdóttir og Jón Brynjar Birgisson verkefnastjórnar á landsskrifstofu.

Fundarstjóri þakkaði fyrir að fá að leggja lítið lóð á vogarskálarnar fyrir Rauða krossinn. Því næst fór hann yfir fundargögn og úrskurðaði að til aðalfundar hefði verið boðað í samræmi við lög félagsins. Fundurinn væri því lögmaður.

Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar. Var hún samþykkt án athugasemda.

Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu.

Anna Stefánsdóttir, formaður, fór yfir það helsta í í starfi Rauða kross Íslands á síðasta ári.

Formaður greindi frá því að Rauði krossinn hefði tekið á við mörg krefjandi verkefni á árinu 2011. Starfið hefði tekið breytingum í takt við þjóðfélagsbreytingar á Íslandi. Stjórn félagsins hélt tólf fundi og tvo vinnufundi. Gestir frá Alþjóðaráði Rauða krossins hafi komið á annan vinnufundinn.. Formaður minntist þess að sama dag og síðasti aðalfundur félagsins var haldinn hafi eldgos hafist í Grímsvötnum og neyðarvarnakerfi Rauða krossins verið virkjað. 550 heimsóknavinir í 47 deildum heimsæktu 650 manns um allt land, þar á meðal væru hundavinir sem fengið hefðu mikla fjölmiðlaathygli. 14 heimsóknavinanámskeið hafi verið haldin. Í undirbúningi væri fræðslumyndband fyrir verðandi heimsóknavini. Skaðaminnkunarverkefni Reykjavíkurdeildar hafi tekið sjúkrabílinn Frú Ragnheiði í notkun. Samtals hafi heimsóknir í bílinn verið 1042. Hjálparsími Rauða krossins hafi tekið við 21.000 símtölum, að meðaltali 58 á dag. Sjálfboðaliðar Hjálparsímans væru 97. Á árinu hafi jafnframt hafist mánaðarleg símsvörun Hjálparsímans á Akureyri. Verkefnið Ungt fólk til athafna hafi verið starfrækt í sjö deildum og 563 ungir atvinnuleitendur hafi tekið þátt í því. Formaður nefndi að Rauðakrosshúsunum í Reykjavík og Kópavogi hafi verið lokað á árinu en enn væru starfrækt nokkur virknisetur. Sjálfboðaliðar og samstarfsaðilar bæru uppi fataverkefni Rauða krossins sem væri orðið eitt öflugasta fjáröflunarverkefni félagsins. Verkefnið hafi skilað 84 milljónum í hjálparsjóð. Fatasöfnunin væri nú orðin að landsverkefni en Kópavogsdeild hafi tekið að sér rekstur fataverslana á höfuðborgarsvæðinu. 1100 tonn af fatnaði hafi verið flutt utan til sölu og endurvinnslu en það væri 24% aukning frá fyrra ári. 1400 skjólstaðingar hafi fengið úthlutað fötum. Einnig hafi verið sendir fatagámar til Malaví og Hvíta-Rússlands.

Formaður greindi frá því að ríflega 5000 manns hafi setið 340 námskeið í skyndihjálpi. Þá hafi 500 börn safnað samtals 1,5 milljón króna með tombólum og ýmsum söfnunum.

Formaður vék að þeirri staðreynd að nú hefði Rauði kross Íslands rekið sjúkrabifreiðar í 85 ár. Framlag stjórnvalda hafi ekki hækkað í 3 ár og nú væri svo komið að helmingur bílaflotans stæðist ekki þær kröfur sem gerðar eru til hans í samningum. Félagið hafi verið án samninga frá áramótum. Stjórn félagsins styðji áframhaldandi viðræður við stjórnvöld.

Formaður fór yfir starf Rauða kross Íslands erlendis. Mikil hungursneyð hafi verið í Sómalíu og þess vegna hafi Rauði kross Íslands hafið fjáröflun. Samtals hafi 57 milljónum af söfnunarfé verið varið til kaupa á næringarbættu hnetusmjöri og öðrum hjálpargögnum. Mikill jarðskjálfti hafi orðið í Japan. Landssöfnun hafi skilað 28 milljónum króna. Margir hópar sem tengdust Japan hafi lagt söfnuninni lið. Þá greindi formaður frá því að 12 sendifulltrúar hafi starfað fyrir Rauða krossinn á árinu. Meðal verkefna Rauða kross Íslands erlendis nefndi hún baráttu gegn mansali, endurhæfingu barnahermanna, þjálfun sjúkraflutningamanna í Palestínu og sálrænan stuðning.

Formaður sagði jafnframt að Rauði kross Íslands væri lítið félag á heimsvísu en þó sterkt félag með skýran tilgang og leiðarljós. Anna lauk máli sínu með því að þakka sjálfboðaliðum fyrir það mikilvæga starf sem þeir sinntu. Ekki væri minni þörf fyrir hjálparstarf nú en áður.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu formanns en enginn kvaddi sér hljóðs. Þá kynnti hann næsta lið á dagskrá.

Einar Sigurðsson, gjaldkeri, lagði endurskoðaða reikninga síðasta reikningsárs fram til umræðu og atkvæðagreiðslu. Einar tjáði fundarmönnum að Grant Thornton hefði í fyrsta skipti séð um endurskoðun ársreiknings 2011 og undirritað hann án athugasemda. Allar deildir hefðu fengið samstæðureikning félagsins sendan en hann sýni rekstur og efnahag allrar starfsemi Rauða krossins, þ.e. landsskrifstofu, deilda og sjúkrabílasjóðs. Umhugsunarvert væri að breyting væri að verða á tekjumyndun félagsins með lækun tekna. Tekjur af söfnunarkössum væru t.a.m. nettótekjur sem félagið hefði ekki kostnað af að búa til og óeyrnamerkta. Nú væri svo komið að 60% af tekjum félagsins væru eyrnamerkta og það færi vaxandi. Sjúkrabílar vægju þar þyngst.

Þá greindi Einar frá því að 200 milljóna króna tap hafi verið á rekstri félagsins síðastliðin tvö ár en stjórn væri að ná tókum á rekstrinum og væri bjartsýn á bata. Stjórn hefði tekið meðvitaða ákvörðun um að ganga á sjóði félagsins eftir hrun. Reksturinn væri þó smám saman að ná jafnvægi eins og fjárhagsáætlun sýni fram á. Í því samhengi benti Einar á að kostnaður við rekstur landsskrifstofu hafi lækkað um 11%. Tveir þriðju af tapi félagsins væri hjá deildum. Tekjur hafi verið að lækka en gjöld staðið í stað.

Í stuttu máli hafi landsskrifstofa skilað tapi upp á 31 milljón, sjúkrabílasjóður hafi skilað 30 milljóna króna hagnaði og deildir skilað 72 milljóna króna halla. Ef horft væri á heildina þá væri staðan lakari en reikningurinn gæfi vísbendingar um því hagnaðurinn á sjúkrabílasjóði kæmi út sem tap á árinu 2012. Raunverulegt tap væri því um 100 milljónir en ekki 74 eins og reikningurinn segi til um.

Einar sagði að langtímaskuldbindingar vegna verkefna væru að aukast vegna þess að beðið hafi verið með að greiða út fé vegna verkefna í sunnanverðri Afríku. Tekjur hafi lækkað um 400 milljónir að raungildi frá árinu 2006 en gjöldin staðið í stað. Slíkt gangi ekki til lengdar en þar sem félagið hafi sýnt varfærni í aðdraganda hruns og náð að standa vörð um sjóðina í gegnum hrunið þá gengi þetta upp í einhvern tíma. Einar taldi að fjármunatekjur myndu lækka hraðast. Aðrar tekjur myndu hækka en ólíkt tekjum úr söfnunarkössum þá bæru þær tilkostnað á móti. Fjáröflunarverkefni væru til að mynda með miklum tilkostnaði, að söfnunum vegna jarðskjálftans í Japan og hungursneyðarinnar í Sómalíu undanskildum. Efnahagsreikningurinn hafi minnkað um 2% sem væri eðlilegt enda hafi félagið verið rekið með tapi. Gjaldkeri taldi Rauða krossinn standa á krossgötum. Félagið væri öflug mannúðarsamtök enda þótt tekjurnar hefðu minnkað. Fram til þessa hafi mest verið hagrætt á landsskrifstofu en óhjákvæmilega þyrfti að fara í breytingar hjá deildum. Félagið hefði svigrúm í fjármálum en það þyrfti að nýta skynsamlega. Að loknu erindi Einars opnaði fundarstjóri fyrir umræður en enginn kvaddi sér hljóðs. *Að því loknu bar fundarstjóri samstæðureikning 2011 upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.*

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri, lagði fjárhagsáætlun næsta reikningsárs fram til umræðu.

Kristján greindi frá því að að framkvæmdaáætlun væri fyrir félagið í heild en fjárhagsáætlunin væri fyrir landsskrifstofu og sjúkrabílasjóð. Fjárhagsáætlunin hafi verið unnin í samræmi við stefnu og samþykktir félagsins. Hann sagði áhrifa samdráttar gæta og að dregið væri úr verkefnum. Landsskrifstofa hafi dregið úr verkefnum og það ferli myndi halda áfram. Megináhersla væri lögð á að verkefni væru metin reglulega og endurskoðuð. Neyðaraðstoð og neyðarvarnir væru kjarnaverkefni Rauða krossins bæði hér á landi og erlendis og hér væru stóru verkefni neyðarvarnir og sálrænn stuðningur. Þá væri Hjálparsími Rauða krossins 1717 stórt verkefni sem standa þyrfti vörð um.

Kristján sagði samningaviðræður í gangi við velferðarráðuneytið um áframhaldandi rekstur sjúkrabíla. Unnið væri að því að ná niðurstöðu en nú væri svo komið að félagið hefði aldrei verið nær því að

bakka út úr þessu 87 ára gamla verkefni. Rauði krossinn hefði ekki áhuga á að setja nafn sitt við lélega bíla og tæki.

Kristján nefndi að áhersla væri á alþjóðlega neyðaraðstoð. Þar myndi félagið nýta styrkleika sinn á landsvísu, einkum í neyðarvörnum og sálrænum stuðningi, og vel þjálfaðir sendifulltrúar Rauða kross Íslands gætu sér góðan orðstír á alþjóðlegum vettvangi. Undir málaflokknum Mannúð og félagslegt öryggi greindi Kristján frá því að til hefði staðið að loka Vin þar sem önnur athvörf væru rekin með sveitarfélögum. Rekstur Vinjar hefði þó verið tryggður daginn fyrir aðalfund til þriggja ára með aðkomu ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar og muni Reykjavíkurborg taka við rekstrinum. Framkvæmdastjóri sagði málsvarastarf að fælist aðallega í fræðslu um Rauða krossinn og því að koma hugsjónum hans á framfæri. Þar nefndi Kristján að félagið ynni ötullega fyrir hælisleitendur og flóttamenn. Í alþjóðlegu hjálparstarfi myndi félagið leggja áherslu á börn og fjölskyldur og nýta, eins og áður hafi komið fram, styrkleika félagsins í innanlandsverkefnum.

Kristján sagði að sá mannauður sjálfboðaliða sem væri vel þjálfaður og hefði skýrt hlutverk gerði félagið öflugt og vel starfandi. Gott skipulag fælist í endurskoðun laga félagsins, að standa vörð um merkið og gera þarfagreiningar og árangursmat. Kristján nefndi mikilvægi þess að nota nafn og merki Rauða krossins. Þá lagði framkvæmdastjóri fram fjárhagsáætlun næsta árs þar sem gert væri ráð fyrir minnkandi halla í rekstri.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður.

Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir formaður Kópavogsdeildar óskaði eftir skýringum á auknum kostnaði við fjáröflunarverkefni og hversu stór hluti hækkunarinnar væri vegna Fatasöfnunar. Þá spurði hún hversu mikið af tekjum félagsins kæmi frá Fatasöfnun.

Kristján Sturluson svaraði því til að tekjur vegna útflutnings fataverkefnis væru áætlaðar 54 milljónir en heildarkostnaður við verkefnið væri 50 milljónir. Útflutningurinn stæði því undir kostnaði við verkefnið. Tekjur frá búðum kæmu þannig fram eins og hreinn hagnaður.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Lagabreytingar

Formaður gerði grein fyrir því hvers vegna lögð væru til ný lög fyrir félagið. Það væri vegna nýrrar stefnu sem samþykkt hefði verið árið 2011 og athugasemda frá Alþjóðaráði og Alþjóðasambandi Rauða krossins við núgildandi lög. Sett hafi verið þau markmið að reka félagið hallalaust 2014. Í lagabreytingatillögum væri settur fram texti sem myndi stuðla að því.

Formaður þakkaði laganefnd fyrir þeirra vinnuframlag. Haldnir hefðu verið 10 fundir sameiginlega en einnig hafi verið rætt um ákveðna kafla laganna í hópum. Fljótlega hefði komið í ljós að það þyrfti að skrifa lög félagsins meira og minna upp á nýtt. Stuðst hafi verið við lög danska Rauða krossins en einnig hafi lög annarra landsfélaga á Norðurlöndum verið skoðuð. Deildum hafi verið send drög að nýjum lögum í febrúar og unnið hefði verið með allar athugasemdir og tillögur. Fulltrúar úr laganefnd hafi sótt aðalfundi deilda og tekið niður athugasemdir sem tekið hafi verið tillit til. Einnig hafi lögini verið þýdd og tillögur borist frá Alþjóðahreyfingunni. Ný drög hafi verið kynnt á formannafundi í mars og tillit tekið til athugasemda sem þar hefðu komið fram. Stjórn Rauða krossins hafi fjallað um lagadrög á alls þremur fundum.

Anna Stefánsdóttir formaður, Gunnar Frímansson varaformaður, Stefán Yngvason stjórnarmaður og Margrét Inga Guðmundsdóttir formaður URKÍ fóru þessu næst yfir helstu breytingar í tillögum að nýjum lögum.

Fundarstjóri tók við og las upp breytingatillögur sem borist höfðu:

Garðar Garðarsson Álftanesdeild: *Rauði kross Íslands (Icelandic Red Cross) eða Rauði krossinn á Íslandi (Red Cross on Iceland)? Garðar taldi hið síðarnefnda vera óþjálla í íslensku málfari. Eignarfallsending væri mun tamari í íslensku. Hann spurði um kostnað við nafnbreytinguna? Hann benti á að bréfsfni, „lógó“, eða merki, þar sem nafn félagsins kæmi fram, þyrfti breytinga við. Hann spurði hvert enska heiti landsfélagsins væri núna? Myndi það breytist við íslensku nafnbreytinguna?*

Garðari var boðið að færa rök fyrir tillögunni. Honum fannst kostnaðarsamt að breyta nafni félagsins og það yrði óþjálla. Honum fyndist nafnið eins og það hefur verið hingað til henta vel, ef verið væri að breyta eingöngu breytinganna vegna þá fyndist honum það of kostnaðarsamt.

Katrín Ósk Guðmundsdóttur Busk, Reykjavíkurdeild: *Tillaga um fullan atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi Rauða krossins: Aðalfundur Rauða kross Íslands 19. maí 2012 samþykkir að á eftir c) lið 2. mgr. 7. gr. að tillögum til lagabreytinga komi nýr liður, d). Þar stendur: „Félagar sem hafa greitt árgjald síðasta árs til sinnar deildar fyrir árslok hafa einir fullan atkvæðarétt og kjörgengi á aðalfundi Rauða krossins. Aðalfundur getur vikið frá þessu ákvæði ef ekki fást næg framboð í stjórn.“ Liðum d), e) og f) í núverandi tillögum verður breytt í e), f) og g).*

Katrínu Ósk var boðið að færa rök fyrir tillögunni. Hún sagði að það ætti að koma inn samræmt ákvæði milli aðalfunda deilda og aðalfunda í grein 9. Hún lagði til að þetta færi inn í grein 7 á milli liða og þyrfti þá að fara inn í grein 9 líka. Katrín Ósk lagði til að til vara kæmu utanaðkomandi aðilar inn í stjórn.

Anna Stefánsdóttir formaður stóð upp og lagði til breytingatillögu stjórnar við breytingatillögu Katrínar. *Síðasta setning breytingatillögu við 7. gr. d liður verði: „Kjörnefnd getur vikið frá þessu ákvæði ef næg framboð í nýja stjórn hafa ekki borist fyrir aðalfund“.* Þetta væri í samræmi við ákvæði 20. greinar um kjörgengi í deildarstjórn.

Auður Kristjánsdóttir, Reykjavíkurdeild: *Breytingatillaga um dagsetningu aðalfunda deilda: Kafli 3 Fjármál: Í fyrstu mgr. 15. greinar: Deildirnar skulu eigi síðar en 1. apríl í staðinn fyrir 15. mars ár hvert senda stjórninni skýrslu um störf sín og ársreikninga staðfesta af aðalfundum deilda. Í kafla 4 Deildir og deildarráð: Í fyrstu mgr. 20. gr. Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. apríl í staðinn fyrir 15. mars ár hvert.*

Auði var boðið að færa rök fyrir tillögunni og sagðist hún eiga erfitt með að klára bókhaldið svo fljótt.

Anna Stefánsdóttir, formaður, mælti fyrir breytingatillögum stjórnar: Stjórn hafi á síðustu stundu fengið, eða í sömu viku og aðalfundur hefði verið haldinn, bréf frá Alþjóða Rauða krossinum með athugasemdum við lagabreytingarnar. Stjórn Rauða kross Íslands hafi tekið tillögurnar fyrir á fundi þann 18. maí og legði til eftirfarandi breytingar:

Fjórdá málsgrein fyrstu greinar:

„Rauði krossinn á Íslandi vinnur með stjórnvöldum að mannúðarmálum og fylgir eftir gagnvart þeim grundvallaratriðum Genfarsamninganna frá 1949 og viðbótarbókana við þá. Í öllum samskiptum sínum við stjórnvöld gætir Rauði krossinn á Íslandi sjálfstæðis síns til þess að félagið geti ævinlega starfað í samræmi við grundvallarhugsjónir Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Greinargerð: Þarna hefur láðst að breyta nafni félagsins til samræmis við fyrstu málsgrein fyrstu greinar þar sem kveðið er á um heiti félagsins.

Þriðja málsgrein annarrar greinar:

„Rauði krossinn notar rauða kross merkið sem tákn samtakanna í samræmi við Genfarsamningana frá 1949, viðbótarbókanir við þá frá 1977 sem og reglum frá 1991 um notkun á merkjum rauða krossins,

rauða hálfmánans eða rauða kristalsins af hálfu landsfélaga eða í landslögum sem taka til ofangreindra merkja. **Rauði krossinn**, allir félagar og deildir nota merkin samkvæmt þessu. Stjórn Rauða krossins á Íslandi, hér eftir nefnd stjórn í lögum þessum, setur nánari reglur um notkun merkisins.“

Greinargerð: Þessi breyting er gerð að kröfu sameiginlegrar nefndar ICRC og IFRC um lög landsfélaga en athugasemdir við lokaútgáfu tillögu til lagabreytinga bárust þann 14. maí. Nefndin gerir kröfu um að skýrt sé vísað til samninga og reglna og að fram komi að allir innan Rauða krossins á Íslandi, deildir og félagar, fari að þessum reglum.

Fjórða málsgrein fjórðu greinar:

„Félagar eru skráðir í eina deild Rauða krossins á Íslandi að eigin vali. Það er réttur félaga að taka þátt og kjósa á fundum sinnar deildar og bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa á vegum hennar og eftir atvikum innan félagsins. Félagi getur ennfremur, sé hann valinn fulltrúi deildar sinnar á aðalfundi Rauða krossins, tekið þátt í þeim fundi með málfrelsi, tillögu og kosningarétti. Félagi getur innan sinnar deildar tekið upp og vakið athygli á tilteknum málum við deildarstjórnir og eftir atvikum við stjórn og nefndir innan Rauða krossins. Félagi getur sagt sig úr Rauða krossinum skriflega hvenær sem er.“

Greinargerð: Þessi breyting er gerð að kröfu sameiginlegrar nefndar ICRC og IFRC um lög landsfélaga en athugasemdir við lokaútgáfu tillögu til lagabreytinga bárust þann 14. maí. Nefndin gerir kröfu um að kveðið sé á um rétt félaga til að kjósa og koma athugasemdum sínum á framfæri.

Önnur málsgrein, þriðji stafliður þrettánda greinar:

„Tekjur sem ella hefðu runnið til deilda sbr. 6. mgr. 12. gr.“

Greinargerð: Tilvísun í málsgrein 12. greinarinnar á að vísa til 6. málsgreinar en ekki þeirrar 7. í upphaflegum drögum og í núverandi lögum voru ákvæði um skerðingu einnig í 7. málsgrein en svo er ekki lengur.

Einnig sagði Anna að láðst hefði verið að breyta tölulíðum á tveimur stöðum: a) 2. mgr. 3. staflið, 13. gr. um tekjur sem ella hefðu runnið til deilda sbr. 6. mgr. b) í kafla 2, 7. gr. 10. mgr. á 6. mgr. að vera 7. mgr.

Guðbjörg Ágústa Sigurðardóttir, Suðurnesjadeild: *Suðurnesjadeild Rauða kross Íslands legði til að kosningu og endanlegri afgreiðslu um lagabreytingar sem lagðar hefðu verið fram hér í dag yrði frestað til næsta aðalfundar. Stjórnarmenn í Suðurnesjadeild Rauða kross Íslands teldu að málið væri vanreifað og þarfnist ítarlegri kynningar og umræðu í deildum áður en að svo viðamiklar breytingar yrðu gerðar á lögum Rauða kross Íslands. Meðal annars mætti nefna að 9 nýir einstaklingar hefðu sest í formannsstól og þar að auki margir nýir stjórnarmenn vítt og breytt um landið á síðustu vikum. Miklu máli skipti að þeir fengju tækifæri til að kynna sér málið ítarlega og að sem breiðust sátt verði um niðurstöðuna.*

Guðbjörgu Ágústu var boðið að tala fyrir tillögunni. Hún taldi farið of geyst, stjórnarmenn væru flestir í fullri vinnu og margir formenn hefðu ekki haft tíma til að kynna sér lög Rauða krossins.

Framsögu um lagabreytingar lokið og opnað fyrir umræður:

Magnús Árni Magnússon, Hafnarfjarðardeild. Magnús þakkaði góðan fund og mikla vinnu í lagabreytingarhópnum. Hann greindi frá því að Hafnarfjarðardeild teldi góða vinnu hafa átt sér stað. Magnús hnykkti á því að nafnabreyting væri kostnaðarsöm, t.d. fánar, flíspeysur, sjálfboðaskírteini og bréfsfeni. Skipta þyrfti öllu út. Milljónir, tugmilljónir? Magnús velti fyrir sér hvort þessi breyting væri nauðsynleg, á þessum krepputímum. Hann sagðist ekki átta sig á rökstuðningnum.

Vera Sveinbjörnsdóttir, Reykjavíkurdæild. Vera þakkaði glæsilegar og vel unnar tillögur frá lagabreytingarnefnd. Hún spurði um eftirlitshlutverk framkvæmdastjóra, af hverju hann ætti að hafa eftirlit með starfsmannastefnu og launastefnu? Einnig spurði Vera út í 26. gr. um rétt formanns URKÍ til að sitja tvo fundi stjórnar; hvort það væri fullnægjandi? Ungmennahreyfingin væri framtíð félagsins og mikilvægt að við ælum upp góð ungmenni. Að lokum vakti Vera athygli á tillögu Auðar um hvort fresturinn til 1. apríl væri nægur, m.t.t. þess að deild sem ekki skilaði ársreikningi hefði ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir, Kópavogsdæild. Ingibjörg ræddi tillögu Suðurnesjædeildar og var ósammála henni. Það yrði alltaf nýtt fólk í stjórnun, líka á næsta ári. Gamlir formenn hefðu unnið mikla vinnu við smíði laganna og þó þeir hættu væri ekki víst að framlag þeirra yrðifyrir bí. Ekki væri hægt að bíða lengur miðað við þær tölur sem við hefðum séð í ársreikningi og áætlun. Ingibjörg lauk máli sínu með því að hvetja fundarmenn til að fagna breytingunum.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Hafnarfjarðardæild. Ingibjörg fagnaði umræðu um lagabreytingarnar. Deildir hefðu haft drögin til umfjöllunar og það hefði verið ánægjulegt að gefa sjálfboðaliðum tækifæri til að vinna í lagabreytingunum. Megnið af þeim athugasemdum sem lagðar höfðu verið fram hefðu verið settar inn. Rökstuðningurinn hjá Suðurnesjædeild ætti ekki við hjá Hafnarfjarðardæild og hún sagðist vona að fleiri væru sama sinnis. Ingibjörg sagði fátt hafa verið eins mikið til umfjöllunar eins og lagabreytingatillögurnar. Hún tók undir með stöllu sinni í Kópavogi að það yrðu alltaf tíð skipti og lagðist alfarið gegn frestun lagabreytinga.

Bergur Torfason, Dýrafjarðardæild. Bergur benti á að tillaga Suðurnesjædeildar hefði verið dagskráartillaga og sem slíka hefði átt að afgreiða hana án umræðna, því ef hún hefði verið samþykkt þyrfti ekki að fjalla frekar um lagabreytingarnar.

Guðrún Ágústa Sigurðardóttir, Suðurnesjædeild. Guðrún sagðist ekki hafa heyrt neitt um breytingatillögurnar.

Gísli Friðriksson, Kjósarsýsludæild. Gísli spurði hver væri áætlaður kostnaður við nafnabreytingarnar.

Guðrún Bergmann, Árnesingadæild. Guðrún sagði gaman að vera á fundinum og þar færu fram góðar umræður. Hún væri nýr formaður og af persónulegum ástæðum fagnaði hún tillögu Suðurnesjædeildar um frestun en henni fannst tillögurnar vel unnar og óskaði eftir kostnaðartölum. Yrði Rauði krossinn áfram með skammstöfunina RKÍ eða breyttist það? Hvernig yrði úthlutun fjármuna? Hún leit á peningaskiptablaðið og á því sýndist henni að Árnesingadæild fengi 15,5 milljónum meira til úthlutunar.

Anna Stefánsdóttir, formaður. Anna tók til máls og sagði ekki hafa komið til tals að henda einhverju þó nafni félagsins yrði breytt. Það myndi allt verða nýtt til fulls. Hún greindi frá því að nafnabreytingin væri ekki krafa frá Alþjóða Rauða krossinum en áréttaði að á Íslandi yrði Rauða kross félag sem væri hluti af alheimshreyfingu.

Jón Knútsen, Akureyrardæild. Jón sagðist sammála nöfnunum í Kópavogs- og Hafnarfjarðardæildum að lagabreytingarnar væru vel unnar. Sjálfboðaliðar hefðu gert margar athugasemdir sem allar voru teknar til greina og mikil kynning hefði farið fram. Stöðugt bættust nýir formenn við deildir og þeir hefðu ekki átt að eiga erfitt með að kynna sér lögin.

Anna Stefánsdóttir, formaður. Anna hóf mál sitt á að fjalla um tillögu Suðurnesjædeildar. Tillagan vakti fólk til umhugsunar og það væri mikilvægt að eiga góða samræðu í félagi sem vildi vera lýðræðislegt. „Á aðalfundi á síðasta ári sagði ég að ný stefna kallaði á endurskoðun laganna og þar var þeirri hugsun sáð“, sagði Anna. „Ég rakti það í innganginum hvernig lagavinnan fór fram. Einnig

hefur það komið fram á fundinum hjá nokkrum formönnum hvernig þeir hafa komið að málum. Hálfur dagur af formannafundinum fór í umræður um lögin. Þar fór fram tiltekt í lagabreytingavinnunni. Mikilvægasti hlutinn er um fjármál. Við verðum að eiga meira samráð við stjórnir og félag hvernig við náum besta tekjuskiptingakerfinu fyrir félagið. Ákveðið var á stjórnarfundi í gær hvernig við ætlum að eiga þetta samráð. Næstu þrjár vikur munum við eiga fundi á öllum svæðum, samtals átta fundi og fleiri ef þurfa þykir. Þetta er það sem skiptir mestu máli í lagabreytingatillögunni. Hvers vegna leggur stjórnin áherslu á að lögin verði samþykkt nú? Fjárhagur félagsins! Tekjuminnkun gerir þær kröfur að við verðum að bregðast við strax. Stefnan segir hallalaus rekstur 2014. Við ætlum okkur að standa við það. Við verðum á þessum fundi að samþykkja breytingarnar til að geta undirbúið tekjuskiptinguna og áherslan verður á þau verkefni sem aðalfundur leggur áherslu á. Peningastefnan kallar á breytt lög. Við verðum að ná fram markvissri forgangsröðun verkefna. Við getum ekki verið í öllum þeim verkefnum sem við erum í í dag. Á eftir mun koma í ljós að tekjur okkar frá Íslandsspilum munu halda áfram að lækka, sagði formaður“. Að lokum sagðist Anna vera reiðubúin að svara frekari spurningum.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri. Kristján svaraði fyrirspurn frá Guðrúnu Bergmann varðandi útreikninginn. „Það er rétt sem sagt var því inni í tölunum er útreikningur í svæðissjóð sem er að koma aftur inn til deilda en kemur út sem skerðing hjá ákveðnum deildum.“ Síðan svaraði Kristján tillögu Auðar hjá Reykjavíkudeild um breytta tímasetningu aðalfunda. Hann sagði að það þýddi að allt færðist aftar og aðalfundur myndi kannski dragast fram í júní. Að lokum svaraði Kristján fyrirspurn Guðrúnar Bergmann varðandi skammstöfunina á félaginu. Hann sagði skammstöfunina RKÍ ekki vera notaða lengur. Nafnabreytingin styddi við málvenju sem þegar hefði myndast, t.d. væri talað um Rauða krossinn á Akranesi en ekki Akranesdeild Rauða kross Íslands.

Karl Georg Magnússon, Suðurnesjadeild. Karl tók fram að Suðurnesjadeild væri ekki á móti lagabreytingunum eða umræðu um þau. Deildin hefði fyrir mistök ekki fengið lagabreytingarnar í hendur fyrr en nú. Þau þyrftu að fá tækifæri til að ræða þessar lagabreytingatillögur eins og aðrir fundarmenn.

Einar Sigurðsson, gjaldkeri. Einar tók undir með Ingibjörgunum, að það væri brýnt að ljúka lagabreytingavinnunni sem farið hefði fram með vönduðum hætti. „Það hefur verið ánægjulegt að sjá þessa breiðu þátttöku við smíði lagatillagnanna og mikilvægt að klára málið á þessum fundi og koma í farveg svo félagið geti farið að vinna að brýnum verkefnum sem snúa að fjármálum“, sagði Einar. Hann sagði lögin færa aukið vald til aðalfundar og ekki væri verið að hrapa að neinu. Tekjubreytingar yrðu teknar í hóflegum skrefum, hann hefði viljað ganga lengra en taldi að farið hafi verið farið bil beggja, tillögurnar væru vandlega undirbúnar og í miklu samráði. „Við höfum betra tæki í höndunum með ný lög. Best er að samþykkja þau með sem minnstum breytingum héðan í frá. Það hefur komið fram að einhverju þarf að hnika til en við þurfum að nota lögin til að gera vinnu okkar markvissari“, sagði Einar.

Markús Már Efraím Sigurðsson, Hafnarfjarðardeild. Markús tók undir með Bergi Torfasyni Dýrafjarðardeild um að taka þyrfti dagskrártillögu Suðurnesjadelidar fyrir strax svo hægt yrði að halda áfram. Ef tillagan yrði samþykkt væri öll umræða tilgangslaus.

Katrín Ósk Guðmundsdóttur Busk, Reykjavíkudeild. Katrín vildi áréttta af hverju þessi aðalfundur væri. Rauði krossinn væri grasrótarsamtök og það ætti að vera þessi hópur fólks sem kvæði á um hvort utanaðkomandi fólk kæmi inn í stjórnir. Ef kjörnefnd ætti að taka það mál fyrir þá yrði að koma skýrt fram að þetta væru utanaðkomandi aðilar og það kæmi skýrt fram að það sé þessi hópur sem samþykkti að utanaðkomandi kæmi inn í stjórn. Svo spurði Katrín af hverju Rauði kross Íslands væri ekki nóg til að gera okkur hluta af alþjóðastarfinu og hvernig þýða ætti nafnið yfir á ensku.

Fundarstjóri kallaði eftir umræðu um tillögu Suðurnesjadeildar, rök með og á móti svo hægt væri að taka upplýsta ákvörðun.

Anna Stefánsdóttir, formaður. Anna svaraði fyrirspurn Veru Sveinbjörnsdóttur um eftirlitshlutverk framkvæmdastjóra. „Milli aðalfunda ber stjórn ábyrgð á starfi félagsins, því sem aðalfundur ákveður og framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar. Það er á ábyrgð stjórnar að félagið starfi í samræmi við þá stefnu sem aðalfundur setur og Alþjóðasambandið gerir kröfur um, þ.m.t. starfsmannastefnu og launastefnu. Við ættum að líta á félagið sem eitt félag og þar með ættum við að hafa eina starfsmanna- og launastefnu. Það er hlutverk framkvæmdastjóra að fylgja því eftir. Hvað varðar fyrirspurn Katrínar Óskar um kjörnefndina þá tekur aðalfundur afstöðu til tillögu kjörnefndar og getur ákveðið að breyta henni. Það getur verið gott að fá utanaðkomandi féлага, það er bara af hinu góða, og það þekkt að inn í stjórnir komi aðilar sem ekki hafa verið félagar í Rauða krossinum. En síðan getur eitthvað komið upp í starfi kjörnefndar sem stjórn sér að eigi bara alls ekki við. Með nýjum lögum svarar kjörnefnd bara til aðalfundar en ekki stjórnar“, sagði formaður.

Margrét Inga Guðmundsdóttir, formaður URKÍ. Margrét svaraði fyrirspurn Veru og sagði ákvæðið um tvo fundi komið til vegna þess að í dag væri slíkt samráð ekki fyrir hendi. Ákvæðið væri fullnægjandi og möguleiki væri að fjölga slíkum fundum ef annar hvor aðili teldi þörf á.

Stefán Yngvason, stjórnarmaður. Stefán sagði að aðalvaxtasproti ungs fólks væri hjá deildunum og þar ætti ungt fólk að taka þátt. Varðandi merkið þá fælist í lagabreytingunni áherslubreyting. Rauði krossinn með greini væri ákveðnara en hitt og okkur væri tamt að tala um Rauði krossinn. Nú þegar hefðu nokkrar deildir tekið það upp, t.d. Rauði krossinn í Reykjavík. Varðandi breytingu á lögunum sem hann taldi mikilvæga og góða fyndi hann fyrir áhyggjum hjá deildum um tekjur og skiptingu og að sjálfstæði deilda væri ógnað. Deildir hafi hins vegar mikinn ákvörðunarrétt um sitt eigið starf. Aðalfundur fengi miklu meira vægi, allir deildu því sama að vilja gera vel og að ná markmiðum svo að Rauði krossinn verði betur starfandi félag.

Fundarstjóri: Fundarstjóri tók til atkvæðagreiðslu dagskrártillögu Suðurnesjadeildar. Hann las upp tillöguna. Dagskrártillaga Suðurnesjadeildar var felld með öllum þorra atkvæða.

Einar Sigurðsson, stjórnarmaður. Einar bað um að ekki yrði gerð sú breyting að seinka ársreikningum; að breytingatillagan frá Auði í Reykjavíkurdeild næði ekki fram vegna þess að það myndi seinka öllu því sem fylgdi og aðalfundur gæti frestast fram í júní.

Magnús Árni Magnússon, Hafnarfjarðardeild. Magnús kom aftur að nafnabreytingunni og sagði það mikilvægt mál. Hann vildi að fundurinn greiddi atkvæði um nafnabreytinguna. Hann lagði fram breytingatillögu um að *Rauði krossinn á Íslandi* yrði breytt í *Rauði kross Íslands*. Magnús kvaðst enn þeirrar skoðunar að breytingarnar yrðu kostnaðarsamar og auk þess tilfinningamál.

Hér var komið að atkvæðagreiðslum varðandi breytingatillögur laganna:

- 1) Tillaga varðandi **nafnabreytingu**: Tillagan er felld 41/36.
- 2) Tillaga varðandi **fjórðu málsgrein fyrstu greinar** sem formaður bar upp fyrir á fundinum. Tillagan samþykkt samhljóða.
- 3) Tillaga varðandi **þriðju málsgrein annarrar greinar** sem formaður bar upp fyrir á fundinum. Tillagan samþykkt samhljóða.
- 4) Tillaga varðandi **fjórðu málsgrein fjórðu greinar** sem formaður bar upp fyrir á fundinum. Tillaga var samþykkt samhljóða.
- 5) Tillaga varðandi **aðra málsgrein, þriðja staflið, þrettánda greinar** sem formaður bar upp fyrir á fundinum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

- 6) Breytingatillaga Katrínar Óskar um kjörgengi. Síðari setningin í breytingatillögu við 7. gr d) lið verði: Kjörnefnd getur vikið frá þessu ákvæði ef næg framboð í nýja stjórn hafa ekki borist fyrir aðalfund. Greinargerð er í samræmi við ákvæði greinar um kjörgengi í deildarstjórn. Þetta er breytingatillaga stjórnar við tillögu Katrínar Óskar. Ákveðið var að kjósa fyrst um tillögu Katrínar. Hún var samþykkt. Síðan var kosið um breytingatillögu stjórnar. Tillagan var samþykkt.
- 7) Tillaga er lýtur að sjöundu grein 10. málsgreinar um að það beri að vísa í sjöundu málsgrein ekki sjöttu málsgrein eins og gert er í tillögunum eins og hún liggur fyrir. Tillagan var samþykkt.
- 8) Tillagan um leiðréttingu á 13. grein annarri málsgrein 3 staflið um tekjur sem ella hefðu runnið til deilda sbr. 6. málsgrein 12. greinar. Tillagan var samþykkt.
- 9) Tillaga Auðar Kristjánsdóttur um að deildir skuli eigi síðar en 1. apríl í staðinn fyrir 15. mars ár hvert senda stjórninni skýrslu um störf sín og ársreikninga staðfesta af aðalfundum deilda. Tillagan var felld.
- 10) Tillaga Auðar Kristjánsdóttur um að aðalfundur verði haldinn fyrir 1. apríl í staðinn fyrir 15. mars ár hvert. Tillagan var felld.

Katrín Ósk tók til máls og taldi að það þyrfti að breyta orðalagi í 9. grein, til samræmis við breytingatillögur. Fundarstjóri taldi að það væri búið að taka á þessum breytingum og það þyrfti ekki frekar að fjalla um þetta mál.

Fundarstjóri lagði lög fram í heild með tilteknum breytingum til afgreiðslu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Sólveig Reynisdóttir, stjórnarmaður, mælti fyrir tillögu um siða- og verklagsreglur og gerði tillögu um frambjóðendur.

„Siðanefnd er skipuð af aðalfundi í samræmi við 7. málsgrein 4. gr. laga félagsins til tveggja ára í senn. Nefndina skipa þrjú einstaklingar og skal einn kjörnefndarmaður hið minnsta vera hæstaréttarlögmaður.“

Sigríður Magnúsdóttir, stjórnarmaður, mælti fyrir tillögum um verklagsreglur kjörnefndar og gerði tillögu um frambjóðendur.

„Kjörnefnd er skipuð af aðalfundi í samræmi við 8. málsgrein í 7. gr. laga félagsins og er hún skipuð fjórum fulltrúum og tveimur til vara. Kjörnefnd mun undirbúa kosningu stjórnar og skoðunarmanna fyrir framhaldsaðalfund 2012 og aðalfund 2014.“

Jón Þorsteinn Sigurðsson, stjórnarmaður, mælti fyrir tillögu um varasjóð í samræmi við 14. gr. laga félagsins: „Aðalfundur Rauða krossins 19. maí 2012 samþykkir í samræmi við 14. gr. laga félagsins að fjárhæð varasjóðs verði einn milljarður króna.“

Magnús Árni Magnússon, Hafnarfjarðardeild, bar upp spurningu varðandi varasjóðinn, hvers vegna hann lækkaði í einn milljarð króna? Hvað yrði um þær 144 milljónir sem mismunur hljóðaði upp á?

Jón Þorsteinn Sigurðsson svaraði. Jón sagði varasjóðinn hafa verið 800 milljónir en hækkaði upp í milljarð en framvegis myndi aðalfundur taka ákvörðun um varasjóð skv. nýjum lögum félagsins.

Einar Sigurðsson bætti í umræðuna og sagði að um væri að ræða lágmark varasjóðs. Hann mætti vissulega vera hærri.

Fram fór fram atkvæðagreiðsla um tillögur Sólveigar, Sigríðar og Jóns Þorsteins:

Atkvæðagreiðsla um **siðanefnd**. Samþykkt.
Atkvæðagreiðsla um **verklagsreglur kjörnefndar**. Samþykkt.
Atkvæðagreiðsla um **varasjóð**. Samþykkt.

Atkvæðagreiðsla um skipan siðanefndar og kjörnefndar:

Sólveig Reynisdóttir kynnti tillögu um **skipan siðanefndar** til tveggja ára: Hörður Högnason, fyrrv. formaður Ísafjarðardeildar, formaður, Hermann Einarsson fyrrv. form. Vestmannaeyjadeildar og Valborg Snævarr hrl. Tillagan var samþykkt.

Sigríður Magnúsdóttir kynnti tillögu um **skipan kjörnefndar**: Úlfar Hauksson og Ingibjörg Ásgeirsdóttir aðalmenn til fjögurra ára, Margrét Lilja Vilmundardóttir og Pétur Karl Kristinsson aðalmenn til tveggja ára, Ágústa Gísladóttir og Helga Gísladóttir varamenn til tveggja ára. Tillagan var samþykkt.

Umræðum um lagabreytingar lauk hér með.

Umræður um Íslandsspil: Magnús Snæbjörnsson framkvæmdastjóri og Auður Sigrúnardóttir forvarnarfulltrúi frá Íslandsspilum.

Magnús sagði það ánægjulegt að koma á aðalfund Rauða krossins og fá tækifæri til að skýra starf Íslandsspila. Allt frá árinu 1972 hafi Rauði krossinn rekið söfnunarkassa en síðar hafi SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg komið til samstarfs. Félagin stofnuðu síðan Íslandsspil árið 1994. Magnús rakti starf Íslandsspila, stjórn þess og markaðshlutdeild sem skiptist í tvennt, sjoppur og vínveitingastaði með samtals 580 kassa á 140 stöðum. Sölustöðum hafi fækkað um 50% vegna breyttra tíma þar sem bensínfyrirtæki hafi tekið yfir marga sölustaði og þau hafi ekki leyft kassana. Eftir hrun hafi tekjur lækkað um 18% og væru nú svipaðar og árið 2004. Magnús sagði það vera miðað við framreikning á verðlagi í dag 42% lægra en árið 2002. Happraættismarkaðurinn í dag væri 6-7 milljarðar króna sem þrjú aðilar skiptu á milli sín; Gullnáma, Íslensk getspá og Íslandsspil. Síðan ræddi Magnús um samkeppnisaðila svo sem netsíður og sagði mismunandi reglur vera í gildi sem leiddi til samkeppnismismununar. Órói væri á markaðnum, sagði Magnús, minnkandi tekjur Íslandsspila og minni hagnaður eigenda. Happraættisnefnd sem ynni að lagabreytingum vegna erlendar netspilunar hafi unnið afar hægt og miklir peningar streymdu úr landi. Magnús sagði Íslandsspil hafa sótt um netspilun árið 2000 en ekki fengið svör. Innanríkisráðherra hafi boðað breytingar á lögum um Íslandsspil og HHÍ, sagði Magnús og mjög líklegt væri að Íslandsspil yrðu fyrir skerðingu.

Auður Sigrúnardóttir talaði um samfélagslega ábyrgð spilunar. Hún sagði að það ætti að vera gaman að spila, til þess væri leikurinn gerður. Lágmarksaldur væri 18 ár. Hún kvaðst telja óábyrgt að hafa ótakmarkaðar vinningsupphæðir og lagði áherslu á góð samskipti við eigendur og sölustaði. Íslandsspil veittu styrki til SÍS (spilavandi.is).

Sólveig Reynisdóttir, stjórnarmaður, og situr í stjórn Íslandsspila. Hún fjallaði um rannsókn á spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2011. Markmið rannsóknarinnar hafi verið að kanna spilahegðun og algengi spilafíknar, skoða breytingar á spilahegðun og algengi spilafíknar undanfarin 6 ár. Einnig hafi verið kannað viðhorf Íslendinga til peningaspila árið 2011 og áhrif bankakreppu á spilahegðun Íslendinga frá árinu 2007-2011. Sólveig sagði mikla flóru í spilun, 22 spil væru skilgreind sem peningaspil. Þátttaka, ef miðað væri við eina spilun, væri 76%, 29,8% spila sjaldnar en mánaðarlega, 31,5% að minnsta kosti mánaðarlega en 14,9% vikulega eða oftar. Mesta aukningin væri hjá Lottó.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri: Mikilvægi kassatekna

Kristján sagði alger umskipti hafa orðið þegar kassarnir komu til sögunnar árið 1972 og hafi þeir verið fjárhagslegur grunnur félagsins síðan. Sérstaða Rauða krossins skapi yfirvöldum ákveðnar skyldur varðandi starfsumhverfi. En það fylgi því mikil ábyrgð að hafa þessar tekjur. Árið 2011 voru þær þriðjungur af öllum tekjum félagsins miðað við 70-80% fyrir 14 árum. Rauði krossinn hafi nokkrum sinnum gefið eftir hlutdeild til hinna eigendanna. Kristján sagði sérstöðu teknanna vera að þær væru óeyrnamerkta en það gæfi Rauða krossinum sjálfstæði til að ákveða verkefni og starf sitt að einhverju leyti. Nær allar aðrar tekjur væru merktar ákveðnum verkefnum. Ríkisframlög væru ótraust og þau heggðu að sjálfstæðinu. Kristján tók sem dæmi að 80% af tekjum danska Rauða krossins væru ríkisframlög sem rynnu til alþjóðlegra verkefna og yrði félagið því að starfa í þeim löndum sem stjórnvöld vildu að það starfaði í. Sænski Rauði krossinn hafi þurft að skera niður, fækkað úr 400 starfsmönnum í 200 á síðustu þremur árum. Einnig tók Kristján dæmi um hve dýrt væri að skapa tekjur, níu mannmánuðum hafi t.d. verið varið í að sækja um ESB styrki þar sem engin króna hafi skilað sér. Því þyrfti að standa vörð um Íslandsspil. Næstkomandi haust muni innanríkisráðherra leggja fram frumvarp um spilakassa. Fyrirséð væri að velta í spilakössum myndi halda áfram að dragast saman og netspilun færi vaxandi. Samkeppni um tekjur fari stöðugt vaxandi. Félagar í Rauða krossinum verði að standa með þessari tekjuöflun og mikilvægi hennar. Áriðandi væri að félagar beittu sér fyrir því að Rauði krossinn héldi sínum hlut því margir hefðu áhuga á að fá hlut í þessum tekjum, líka þeir sem gagnrýndu þær. „Stöndum vörð um Íslandsspil og sýnum að við viljum halda þessari tekjuöflun áfram“, sagði Kristján.

Orðið var gefið laust

Ólafur Þór Gunnarsson, Reykjavíkurdæmi. Ólafur sagði frá því að síðasta haust hefði honum verið boðið á rýnifund hjá Íslandsspilum þar sem hann mætti sem fulltrúi sjálfboðaliða. Þá hefði hann ekkert vitað um starfseminna en komist að sannleikanum. Fyrst hafi komið upp í huga hans slæm samviska, eins og honum fyndist hafa komið fram á fundinum. „Við höfum greinilega voða slæma samvisku yfir þessu öllu saman, tölum um söfnunarkassa en ekki spilakassa. Við eigum ekki að skilja Íslandsspil eftir munaðarlaus heldur snúa vörn í sókn og merkja kassana með Rauða krossinum“, sagði Ólafur Þór.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri, tók undir með Ólafi. „Í lögum segir að kassarnir heiti söfnunarkassar og hjá Háskólanum heita þeir happdrættiskassar. Við eigum að kynna að fólk spili í kössunum sér til skemmtunar. Nú eru tekjurnar að minnka og við eigum að merkja kassana með merkjum félaganna“.

Anna Stefánsdóttir, formaður, mælti fyrir tillögu Rauða krossins á Íslandi um Íslandsspil.

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi 19. maí 2012 samþykkir eftirfarandi ályktun:

„Rauði kross Íslands leggur áherslu á mikilvægi söfnunarkassa sem megintekjulindar félagsins sem gerir Rauða krossinum kleift að sinna verkefnum á sviði mannúðar og félagslegs öryggis auk lögbundinna verkefna á sviði neyðarvarna.“

Tekjur af söfnunarkössum hafa verið megintekjulind allt frá árinu 1972 og ljóst er að ef Rauði krossinn yrði sviptur þessum tekjum án þess að nýjar tekjur kæmu til yrði að leggja meirihluta starfsemi félagsins niður.

Innanríkisráðherra hefur boðað nýtt lagaumhverfi spilastarfsemi á Íslandi í lok árs 2012. Rauði krossinn á Íslandi óskar eindregið eftir því við innanríkisráðherra að ný lög tryggi áframhaldandi tekjulind félagsins og tryggi einnig jafnræði þeirra aðila á Íslandi sem notið hafa góðs af spilastarfsemi.“

Orðið var gefið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. **Tillagan var samþykkt með lófaklappi.**

Önnur mál

Enginn bað um orðið.

Anna Stefánsdóttir, formaður, lagði til að framhaldsaðalfundur félagsins yrði haldinn 13. október 2012. Samþykkt með lófaklappi.

Fundarslit: Anna Stefánsdóttir, formaður.

Anna sagði að fundurinn hefði tekið þá mikilvægu ákvörðun að áfram yrði haldið uppi öfluggu starfi með því að samþykkja ný lög. Með því yrði félagið opnara, lýðræðislegra og skilvirkara. Anna þakkaði góða vinnu við lagabreytingarnar, sérstaklega laganefndinni, og öllum sjálfboðaliðum hjá deildum félagsins fyrir vel unnin störf og mikið vinnuframlag og góðar ábendingar. Anna sagðist þakklát fulltrúum Suðurnesjadeildar fyrir að vekja athygli á því sem betur mætti fara og myndi stjórnin taka það til athugunar. „Stjórnin vill gera vel. Á næstu vikum þegar við förum vítt og breitt um landið ætlum við að gæta þess að engin deild verði útundan“.

Anna þakkaði fyrir góða fundarsetu og góðar og gagnlegar umræður um félagið. Hún þakkaði Árna Múla Jónassyni fundarstjórnina og starfsfólki fyrir þeirra mikilvæga framlag við framkvæmd fundarins.